

Laugardaginn 25. febrúar 1956.

Nr. 4/1956. **Pórður Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamanna-
 félagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
 dómendur.**

Félagsréttindi. Verkamannafélagi dæmt skylt að veita verkamanni inngöngu í félagið.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. þ. m. af Þórði Jónssyni verkamanni, C-götu 6, Blesugróf, Reykjavík, gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til þess að veita honum inntöku í téð félag með öllum réttindum fullgildra félagsmanna, að viðlögðum dagsektum til stefnanda eigi minni en kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá þeim degi, er dómurinn tiltekur, unz félagið fullnægir umræddri skyldu sinni.
2. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að sæta refsingu fyrir að hafa ólöglega synjað stefnanda um inngöngu í nefnt félag.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur bótaskyldur fyrir það tjón, sem stefnandi hefði beðið af ólögmati synjun stefnda um félagsréttindi í Verkamannafélaginu Dagsbrún, en við munnlegan flutning málsins lagði hann þá kröfu til hliðar, en áskildi sér rétt til þess að fylgja henni fram síðar.

Stefndur hefur krafizt sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, sem fæddur er árið 1927, hefur átt heimilisfesti í Reykjavík frá því í aprilmánuði f. á. Hefur hann stundað verkamannavinnu og verið aukafélagsmaður í Verkamannafélaginu Dagsbrún frá því í s.l. júnímánuði. Hinn 6. september s.l. réðist hann til Glersteypunnar h.f., en þá var hann félagsmaður í Verkamannafélagi Þingeyinga. Hinn 2. þ. m. kom starfsmaður Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson, þangað sem stefnandi var við störf sín í verksmiðju Glersteypunnar h.f. og tjáði honum ásamt öðrum verkamönnum, er þar unnu og ekki voru fullgildir félagsmenn í Dagsbrún, að þeir yrðu að leggja niður störf sín að lokinni þeirri vinnuvöku, er þá stóð yfir, þar sem þeir væru ekki í Dagsbrún. Ekki er vitað hvenær stefnandi varð við þessum tilmælum og hætti þar vinnu, en það mun hafa verið skömmu síðar. Stefnandi kveðst hafa óskað eftir því við nefndan Guðmund, að gerast félagsmaður í Dagsbrún, enda væri hann aukafélagsmaður í því félagi, en Guðmundur þá látið í það skína, að óvíst væri hvort stefnandi fengi full félagsréttindi fyrst um sinn. Stefndi segir hins vegar, að Guðmundur hafi tjáð stefnanda, að hann yrði að snúa sér til skrifstofu Dagsbrúnar um það. Hinn 3. þ. m. fór stefnandi á skrifstofu Dagsbrúnar ásamt fleiri félögum sínum. Undirritaði hann þar og afhenti beiðni um inntöku í félagið. Hinn 7. þ. m. fór hann aftur á skrifstofu félagsins. Endurnýjaði hann þá munnlega inntökubeiðni sína og bauðst til þess að greiða inntökugjald gegn því að fá félagsskirteini, svo sem gert er ráð fyrir í samþykktum Dagsbrúnar. Formaður Dagsbrúnar varð fyrir svörum. Kannaðist hann við það, að inntökubeiðni stefnanda hefði borizt félaginu, en kvaðst hvorki mundi taka við inntökugjaldi né láta honum í té félagsskirteini, fyrr en trúnaðarráðsfundur hefði fjallað um umsóknina, en samkvæmt samþykktum félagsins skal leggja allar umsóknir um inngöngu í félagið fyrir trúnaðarráð félagsins. Kvaðst formaðurinn ekki vita hvenær næsti fundur þess mundi verða haldinn, en bjóst við, að það yrði bráðlega. Næsta dag 8. þ. m. höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær kröfur, sem áður greinir, og var mál þetta þingfest 9. s. m.

Þann dag hélt trúnaðarráð Dagsbrúnar fund. Kom umsókn stefnanda um inntöku í Dagsbrún til álita ásamt hartnær 60 öðrum sams konar umsóknum. Samkvæmt skýrslu stefnda voru rúmlega 40 þeirra samþykktar en ákvörðun um hinar frestað. Var umsókn stefnanda meðal þeirra síðarnefndu. Eftir að mál þetta var höfðað, eða 15. þ. m., krafðist Glersteypan h.f. þess, að Dagsbrún veitti stefnanda inngöngu í félagið og skirskotaði í því efni til 1. gr. kjarasamnings þess, sem nú gildir milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en Glersteypan h.f. er einnig aðili að honum. Er svo um samið í tilvitnuðu ákvæði, að vilji vinnuveitandi taka til sín í vinnu mann, sem ekki er félagi í Dagsbrún, þá skuli Dagsbrún skyld til þess að veita þeim manni inngöngu, ef hann sækir um það og umsóknin kemur ekki í bága við samþykktir Dagsbrúnar. Þessu bréfi svaraði fyrirsvarsmaður Dagsbrúnar næsta dag 16. þ. m. Kveður hann inntökubeiðni stefnanda til athugunar og væntanlega gengið frá henni á næsta trúnaðarráðsfundi.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að honum hafi af Dagsbrúnar hálfu verið neitað um það að mega halda áfram vinnu sinni hjá Glersteypunni h.f., en Dagsbrún hafi verið skylt að láta honum þegar í stað í té félagsskirteini, er veitti honum full vinnuréttindi til jafns við fullgilda félagsmenn, enda þótt trúnaðarráðsfundur hefði ekki staðfest inntöku hans. Þá var því og haldið fram af stefnanda við munnlegan flutning málsins, að stefnda hefði a. m. k. verið skylt að taka fyrir og samþykkja inntökubeiðni hans á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., ekki sízt fyrir þá sök, að hann fékk ekki strax félagsskirteini, svo sem hann hefði átt rétt til samkvæmt 4. gr. samþykkta félagsins. Staðhæfir stefnandi, að fyrirsvarsmenn Dagsbrúnar hafi með framangreindri framkomu sinni og viðbrögðum gagnvart inntökubeiðni hans, gefið sér fullt tilefni til þess að krefjast félagsréttinda í Dagsbrún með málsókn þessari. Telur hann, að félagið hafi með drætti þeim, sem orðið hafi á því, að inntökubeiðni hans yrði staðfest fellt á sig refsingu fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem drættinum verði fullkomlega jafnað til þess, að sér hefði verið synjað um félagsréttindi.

Er munnlegur flutningur máls þessa fór fram 17. þ. m., var því ekki haldið fram af stefnda, að þá væru lengur fyrir hendi nokkrar efnisástæður því til hindrunar, að stefnandi ætti rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún. Hins vegar kvað hann stefnanda, sem verið hefði félagsmaður í Verkalýðsfélagi Þingeyinga, ekki hafa fyrr en 15. þ. m. fært fram skilríki fyrir því, að hann væri skuldlaus við það félag og genginn úr því. Hélt stefndi því fram, að þá fyrst hefði Dagsbrún verið heimilt að veita honum félagsréttindi sökum þess, að svo væri boðið í d-lið 3. gr. samþykktu Dagsbrúnar, að réttur til inngöngu í félagið væri því skilyrði bundinn, að umsækjandi væri ekki félagi í, né stæði í óbættum sökum við önnur verklýðsfélög innan Alþýðusambands Íslands. Væri málssókn stefnanda af þessum sökum með öllu ástæðulaus, enda hefði inntökubeiðni hans að öllu leyti sætt venjulegri meðferð og enginn óeðlilegur dráttur orðið á afgreiðslu hennar. Hún hafi verið tekin til umræðu á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., en hins vegar hafi þá ekki unnizt tími til þess að afgreiða hana frekar en ýmsar aðrar inntökubeiðnir, sem frestað hafi verið að taka ákvörðun um, enda hafi stefnandi þá ekki fullnægt inntökuskilyrðum. Hefur stefndi samkvæmt þessu krafizt sýknu að svo stöddu, þar sem málshöfðun þessi hafi verið ótímabær meðan stefnandi hefði ekki enn uppfyllt inntökuskilyrði samkv. nefndu ákvæði 3. gr. samþykktanna og inntökubeiðni hans ekki heldur af nefndum ástæðum getað fengið afgreiðslu í trúnaðarráði félagsins. Mótmælir stefndi því alveg, að nokkur lög hafi af hálfu stefnda verið brotin á stefnanda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að félagsréttindi sín í Verkalýðsfélagi Þingeyinga hafi á nokkurn hátt verið því til fyrirstöðu, að hann gæti án tafar orðið félagsmaður í Dagsbrún, þar sem slíkt skilyrði mundi brjóta í bág við 2. gr. laga nr. 80/1938. Heldur hann því fram, að réttur sinn til inngöngu hafi frá upphafi verið tvímælaaus og sé hér aðeins um undanbrögð af hálfu Dagsbrúnar að ræða.

Svo sem að framan greinir, er því eigi haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi ekki nú efnislegan rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún. Er og ekkert í gögnum máls-

ins, sem bendi til þess gagnstæða. Eins og á stendur þarf ekki að taka afstöðu til þeirrar staðhæfingar stefnanda, að það skipti ekki að lögum máli um rétt hans til inngöngu í Dagsbrún, hvort hann var félagsmaður í öðru verklyðsfélagi innan Alþýðusambands Íslands. Það verður ekki talin óeðlileg framkvæmd, er maður óskar inngöngu í verklyðsfélag að fyrir liggi glögg gögn um félagslega afstöðu umsækjanda til annarra verklyðsfélaga. Slík gögn voru að því er stefnanda snerti ekki fyrir hendi fyrr en 15. þ. m. Var því afsaklegt þótt það drægist til þess tíma, að stefnandi, sem var aukameðlimur í Dagsbrún, fengi félagsréttindi samkvæmt 4. gr. samþykktu Dagsbrúnar, en þar segir, að sá er verða vilji félagmaður skuli afhenda skriflega inntökubeiðni, greiða inntökugjald, og sé hann þá fullgildur félagsmaður, að því tilskildu að næsti trúnaðarráðsfundur samþykki inntökubeiðni hans.

Þar sem efnislegur réttur stefnanda til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún er nú ekki véfengdur af hálfu stefnda ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að téðu félagi sé skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum gegn greiðslu á tilskildu inntökugjaldi, en ekki þykir ástæða til þess að leggja við dagsektir til handa stefnanda.

Eins og máli þessu er háttað eru ekki efni til þess, að dæma refsingu á hendur stefnda, og ber að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, er skylt að veita stefnanda, Þórði Jónssyni, inntöku í félagið með fullum félagsréttindum gegn greiðslu tilskilins inntökugjalds.

Málskostnaður falli niður.
